



## NÚVERANDI ÁSKORANIR

Andreas hefur haldið því leyndu fyrir samstarfsfólki að hann er ný fráskilinn.

Fyrirverandi samstarfsmenn spyrja stöðugt um eiginkonu hans, Ninu, en hann á erfitt með að segja að hann sé einn þar sem hann fær kökk í hálsinn. Hún er í Póllandi með sextán ára dóttur þeirra. Meðan hann var í burtu hafa nokkrir nýir starfsmenn byrjað að vinna sem eru ekki eins almennilegir og hans gömlu vinnufélagar. Þeir koma með fullt af leiðinlegum athugasemdum um Brexit, útlendinga sem koma hingað og taka störf okkar og svo framvegis.

Andreas nýtur sín ekki eins mikið í vinnunni og áður. Hann er meira til baka, feiminn og hljóðlátur en hann var vanur að vera frekar opinn og líflegur. Hann er nánast hættur að mæta á vinnuhittinga eins og hann var vanur, þó að hann sé þrífólusettur og því ekkert því til fyrirstöðu þar sem búið er að draga úr samkomutakmörkunum. Hann saknar dóttur sinnar mikið og er í litlu stuði fyrir félgasskap. Áður en hann skildi við eiginkonu sína fór hann oft aftur til Póllands og stundum komu þær til hans í Bretlandi. Nú heimsækir hann enginn. Hann sóttist upphaflega eftir vinnu í Bretlandi til að geta veitt fjölskyldu sinni betra líf.

# ANDREAS

## YFIRMAÐUR Í LOGSUÐUDEILD

**ALDUR** 47

**KYN** Karlmaður

**ÞJÓÐERNI** Pólskur

**FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR** Síðustu fimm árin hefur hann starfað í Bretlandi. Þegar Covid 19 skall á ákvað hann að fara aftur til Póllands til að búa og vinna nálægt öldruðum foreldrum sínum. Í febrúar 2022, þegar ferðatakmarkunum var aflétt, fékk hann aftur vinnu hjá sama fyrirtæki.

### STARF/FERILL

Yfirmaður logsuðu hjá vegaflytningafyrirtæki í Newcastle, Bretlandi. Hann hefur alltaf verið vinnusamur og átti ekki í neinum vandræðum með að fá vinnu í Bretlandi aftur.

**PERSÓNULEGAR SKOÐANIR UM JAFNRÉTTI KYNJANNA** Hann hefur litla þekkingu á réttindum starfsfólk og kynjajafnrétti.

## VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Hann veltir því fyrir sér hvort það hafi verið mistök að koma aftur til Bretlands. Hann er farinn að finna fyrir kvíða og er að borða of mikið. Sem unglingur var hann með átröskun (búlimíu). Hann hefur áhyggjur af því að það komi aftur. Andreas er þrautseigur og hann tekur sjaldan veikindadaga og hann hefur aldrei viðurkennt að kvíði hans sé geðheilbrigðisvandamál. Hann er farinn að upplifa mjög neikvæðar hugsanir sem valda honum áhyggjum.

## HVATNING

- Andreas er venjulega mjög áhugasamur starfsmaður. Hann var mjög spenntur að snúa aftur til Bretlands en hlutirnir hafa breyst. Fólk er öðruvísi. Hann er einmana og vinnan er ekki eins áhugaverð og hún var áður. Honum leið áður eins og hann væri „einn af strákunum“, núna líður honum eins og „útlendingi“, sérstaklega þegar þeir fóru síðast á krá á afmælisdegi vinnufélaga í hádeginu á föstudegi.
- Karlkyns stjórnandi hans er karlmennskan uppmáluð og engum dytti í hug að fara að tala við hann um tilfinningar, erfiðleika eða vanlíðan. Hann talar stundum við Lynn á skrifstofunni, konuna sem sér um launin, fyrir utan það er hann mjög einmana. Hann hefur ekki hugmynd um hvert framtíðin leiðir og hann hefur misst sjónar á hvert ferill hans stefnir. Hann hjálpaði til á skrifstofunni við vinnslu reikninga einn daginn og það var gott að komast aðeins í burtu frá því að vera á verkstæðinu.

## VINNUAÐSTÆÐUR

- Andreas veltir því fyrir sér hvort hann eigi að halda áfram í vinnunni eða yfirgefa Bretland. Hann hefur misst áhugann, finnur fyrir þunglyndi og einmanaleika og hefur lítið bakland. Hann á erfitt með að biðja um hjálp. Hann hefur meira að segja velt því fyrir sér að hætta störfum án þess að vera búinn að fá nýtt starf. Bróðir hans hefur gefið til kynna að hann geti reddað honum vinnu aftur í Póllandi með stuttum fyrirvara.
- Andreas hefur notið þess að læra ensku betur og hann myndi sakna þess að nota tungumálið. Það er margt sem honum líkar við Bretland og að vinna þar, hann er hræddur um að honum gæti fundist erfitt að laga sig að pólskum síðum aftur og þetta ruglar hann enn frekar. Honum líður eins og hann viti ekki lengur hver hann er.
- Framkvæmdastjórinn hefur tekið eftir vinnuframlagi Andreas. Gæði viðgerða eru svo miklu meiri eftir að hann kom til baka – mun færri bilanir hafa verið tilkynntar eftir að hann byrjaði að sjá um vörubíla.

## Spurningar stjórnanda

- Hvaða spenna er þetta sem ég finn í hópnum núna?
- Hvernig á ég að vinna með allar þessar pólitísku væringar? (Með og á móti Brexit, með og á móti bólusetningum – stór gjá á milli og engin hugmynd um hvernig á að takast á við það).
- Ég hef aldrei þurft að takast á við tilfinningar starfsfólks áður – hvar á ég að byrja?
- Ég heyrði eitthvað um öráreiti – á það við hér?
- Getur Andreas farið og gert einhverjar kröfur á fyrirtækið þar sem vinnufélagar hans geta verið mjög stríðnir – er þetta mismunun?
- Hver eru lögin um einelti?
- Hvernig læri ég meira um stjórnun og að takast á við svona vandamál? Hverjir eru að verða fyrir barðinu á þessu og hvernig gæti ég trúnaðar? Hvert er hægt að flytja starfsmenn? Hver getur hjálpað mér – ég mun ekki geta sofið á nóttunni ef ég geri ekkert í þessu.

## Spurningar samstarfsfólks

- Hvernig stendur á því að hann flýgur bara hérna inn aftur og fær betur launaða vinnu en við?
- Af hverju er hann svona úrillur og niðurdreginn? Hann sem var alltaf svo finn gaur.
- Andreas virðist svolítið niðurdreginn – eigum við að spyrja hann út í það?
- Við höfum verið að biðja um almennilegar launatöflu og gagnsæi launa í mörg ár – hvernig veit ég að ég er að fá sanngjörn laun?



## Spurningar einstaklingsins

- Hvað vil ég raunverulega?
- Veit ég hvað ég vil fá út úr vinnunni hvað varðar starfsumhverfi, færni, samstarfsmenn, félagsleg tengsl og almenna lífsánægju?
- Hverjir eru kostir og gallar þess að fara annarsvegar og vera hinsvegjar?
- Er ég kannski utanveltu í Póllandi líka? Þar hafa hlutirnir líka breyst.
- Ræð ég við að lækka í launum ef ég skipti um starf? Á ég möguleika á stöðuhækkun?
- Mér hefur liðið illa upp á síðkastið – get ég fengið frí frá vinnu til að fara til læknis og hvernig fer ég að því?
- Er heilbrigðisþjónusta fyrir karla? Gæti það haft neikvæð áhrif í vinnunni ef ég viðurkenndi að eiga við geðræn vandamál? Ég myndi hafa áhyggjur af vinnunni minni.

## Spurningar stefnumótenda

- Hvernig er hægt að halda stjórnendum í litlum fyrirtækjum upplýstum um atvinnumál og vinnurétt?
- Hvernig geta stjórnendur búið til vinnustaðameningu þar sem sameinast samvinna og framléiðni?
- Hvernig er hægt að bregðast við geðheilbrigðisvandamálum hjá körlum þegar karlmenn leita venjulega ekki hjálpar?
- Hvernig getum við dregið úr fordómum í kringum geðheilbrigðismál, einmanaleika, skilnað og einangrun, og skapað menningu þar sem starfsfólk telur sig geta talað opinskátt um þessi mál?